



Foreldrafundur

15. maí 2024
Tilvonandi 1. bekkur



Að byrja í skóla



Nú er að koma að fyrstu skrefum barnsins í 10 ára skólagöngu í grunnskóla. Við hlökkum til að taka á móti því og viljum, í samvinnu við ykkur, að upphaf skólagöngunnar verði barninu skemmtilegt og spennandi viðfangsefni.

- ❖ Miklu skiptir að barnið upplifi öryggi, vellíðan og jákvæðni í skólanum og sé tilbúið til að takast á við ný verkefni.
- ❖ Mikilvægasti þátturinn í því er að þið undirbúið barnið með því að sýna skólagöngunni áhuga, ræða um hana á jákvæðan hátt og draga úr hugsanlegum kvíða með því að svara þeim spurningum sem barnið kann að hafa

Fyrstu skrefin í skólagöngunni

- ❖ Notum sumarið til að finna örugga leið í skólann, ganga leiðina annað slagið og rifja upp umferðarreglurnar.
- ❖ Göngum úr skugga um að barnið geti sagt til nafns og gefið upp heimilisfang og símanúmer.
- ❖ Athugum hvort barnið er ekki fært um að klæða sig í og úr sjálft.
- ❖ Sjáum til þess að barnið geti bjargað sér sjálft á klósettinu.



Gott að hafa í huga

❖ Lestur:

- Heimsóknir á bókasafnið þar sem valdar eru bækur til að lesa saman heima, eru góður undirbúningur fyrir lestrarnámið. Málþroski barns er afar mikilvægur fyrir gengi þess í skólanum. Samræður um daginn og veginn eru því þáttur í þroskaferlinu og foreldri sem ræðir við barn sitt sem jafngildan einstakling, útskýrir og leiðbeinir er einnig mikilvæg fyrirmynnd þegar kemur að félagshæfni barnsins.
- Lesum fyrir börnin og ræðum við þau um inntak og efni í sögunni.

❖ Sterk tengsl eru á milli hugtakaskilnings og námsárangurs.

- Hugtök eins og: vinstri og hægri, undir, fyrir aftan o.s.frv. er mikilvægt að kunna og auðveldar börnunum margt í námi og leik. Auðvelt er að þjálfa þessi hugtök í daglegum verkum eins og þegar lagt er á borðið.
- Nýtum þau tækifæri sem gefast til að spá í stærðir, form og hluti í umhverfi okkar. Ýmislegt er t.d. hægt að flokka, eftir lögun og stærð. Klukkan er áhugavert viðfangsefni og peningar sömuleiðis.



Hvað þarf ég að vita ?

❖ Hvað þarf að hafa með sér

- Barnið þitt þarf að koma með skólatösku, nesti og sundföt (þegar það á við) í skólann.
- Gott er að hafa auka föt í skólatöskunni og vera klædd eftir veðri.
- Skólinn útvegar allar bækur og ritföng sem barnið þitt notar í skólanum.

❖ Frímínútur

- Barnið þitt fer út í frímínútur á fyrirfram ákveðnum tíma, yfirleitt tvívar á dag. Það er því mikilvægt að koma klædd eftir veðri og að allur fatnaður sé merktur barninu. Á leiksvæðum barnanna er starfsfólk á vegum skólans sem sinnir gæslu.

❖ Hádegismatur

Öll börn geta fengið heitan mat í hádeginu í móttuneyti skólans. Flest börn á yngsta - og miðstigi eru skráð í mataráskrift Ritarar skólans senda eyðublað til skráningar í hádegismat, fyrir skólastundingu. Hægt er að skoða matseðil á heimasíðu skólans. Einnig er hafragrautur í boði alla morgna frá 7:45-8:10.

❖ Frístund

- Þegar skólinn er búinn á daginn getur barnið þitt farið á frístund. Þar er fjölbreytt tómstundastarf í boði sem einkennist af skipulögöum sem og frjálsum leik. Frístund er á neðstu hæð í Hamarsskóla og sótt er um í gegnum vef Vestmannaeyjabæjar.



Hugmyndafræði skólans

- ❖ **Uppeldi til ábyrgðar**
 - Jákvæð samskipti
- ❖ **Orð af orði**
 - Efla orðaforða og orðskilning
- ❖ **Heilsueflandi grunnskóli**
 - Áhersla á hollt mataræði og hreyfingu
- ❖ **Náttúruskóli**
 - Nýta náttúru í nærumhverfi
- ❖ **Spjaldtölвуinnleiðing**
 - Tæki 1:1, allir nemendur eru komnir með tæki
- ❖ **Kveikjum neistann**




Uppeldi til ábyrgðar

Í þessum skóla vinnum við eftir aðferðum Uppeldis til ábyrgðar.

Ýtir undir jákvæð samskipti

- ❖ kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga
- ❖ taká ábyrgð á eigin orðum og gerðum
- ❖ læra af mistökum í samskiptum
- ❖ þekkja sína styrkleika

Þetta er lífstíll ekki verkefni



Bæklingur með helstu upplýsingum

GRUNNSKÓLI VESTMANNAEYJA

1.- 4. bekkur er í Hamarsskóla ásamt Víkinni 5. ára deild og Fristundaveri
5.-10. bekkur er í Barnaskóla

Skólahúsin opna kl. 7:45 og skrifstofur eru opnar frá 7:45-15:00 alla daga

AD SÆKJA UM SKÓLAVIST

Heilstu upplýsingar um að byrja í skóla ásamt umsókn um skólavist má finna á heimasíðu skólans:
Smellið [HÉR](#)

HAFDU SAMBAND

Hs: 4882200 - Bs: 4882300
Hamarsskóli við Hamarsveg og Barnaskóli við Skólaveg
Netfang: grv@grv.is

UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU

Allar heilstu upplýsingar má finna á heimasíðu skólans

● www.grv.is

<https://www.grv.is/is/foreldrar/ad-byrja-i-skola>

KVEIKJUM NEISTANN!

Þróunarverkefni og menntarannsókn
við
Grunnskóla Vestmannaeyja



Grunnur verkefnis

Verkefnið byggir á niðurstöðum fremstu vísindamanna heims á sviði menntunar og heilbrigðis.

- Grunnkenningarnar eru:

- Endurtekningin skapar meistarann (*Edelman*).
- Markviss þjálfun hvers nemanda og eftirfylgni er lykill að færni og þróun þekkingar. Jákvæð styrking er þar í lykilhlutverki (*Ericsson*).
- Börn verða að fá réttar áskoranir miðað við færni til að komast í flæði en þannig ná þeir frábærum árangri (*Csikszentmihalyi*).
- Hugarfar grósku, ástríðu og þrautseigju einkennir starfsemi skólans. (*Dweck, Duckworth*).

Breytt skipulag stundatöflu

Hófst í 1. bekk haustið 2021 og miðað við að árgangar sem koma í kjölfarið fylgi breyttu skipulagi.

Við viljum hafa:

- Hreyfingu snemma á morgnana og aukna hreyfingu í skólanum.
- Þjálfunartíma þar sem nemendum er mætt á þeim stað sem þau eru í náminu.
- Ástríðutíma þar sem nemendur fá aukið val eftir áhugasviði.

Breytt skipulag stundatöflu



Munið holt og gott nesti.

Umþjónarkennari: Þórdís Jóelsdóttir
Viðtalstimi: Eftir samkomulagi í síma 4882200
Netfang: thordis@grv.is

Stundaskrá

1. ÞJ veturninn 2022-2023
Stofa 14

Aðrir kennarar:

Íþróttir: Hilmar Ágúst Björnsson. **Sund:** Guðny Jensdóttir og Hilmar Ágúst Björnsson. **Dans:** Síusanna Georgsdóttir. **Heimilisfræði:** Valgerður Bjarnadóttir. **Mundmennt:** Þóra Gísladóttir. **Tónmennt:** Eyyindur Ingi Steinarsson. **Textilmennt:** Astríður Juliusdóttir. **Smíði:** Sverrir M. Jónasson. **Bjálfunartimar:** Herdis Rós Njálsdóttir.

	Mánudagur	Priðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:20-09:00	Bekkur	Samvera	Samvera	Samvera	Bekkur
09:00-09:40	Bekkur	Íþróttir	Íþróttir	Sund	Bekkur
09:40-10:00	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur
10:00-10:40	Bekkur	Bekkur	Bekkur	Bekkur	Hreyfing
10:40-11:20	Þjálfunartími	Þjálfunartími	Þjálfunartími	Þjálfunartími	Bekkur
11:20-12:00	Dans	Ástriðutími	Ástriðutími	Ástriðutími	Bekkur/söngur
12:00-12:20	Bekkur	Ástriðutími	Ástriðutími	Ástriðutími	Matur
12:20-13:00	Matur/fríminútur	Matur/fríminútur	Matur/fríminútur	Matur/fríminútur	
13:00-13:40	Bekkur	Bekkur	Bekkur	Bekkur	

Muna að merkja vel allan fatnað, skó, íþróttaföt og töskur.

Lyklar verkefnisins



Áhersla á lestur, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfingu og áhugahvöt

- **Lykill 1:** Læsi ‘best practice’. Notuð verður ‘bókstaf-hljóða aðferð/hljóðaaðferð’. Þegar læsi er náð koma áskoranir miðað við færni, s.s. lestur bóka, lesskilningur, textagerð, skapandi skrif og munnleg framsögn
- **Lykill 2:** Grunnþættir stærðfræðinnar festir í sessi áður en kemur að öðrum þáttum. Áhugi og ástríða fyrir náttúrufræði. Áhersla á verkleg (hands on) verkefni.
- **Lykill 3:** Hugarfar, ástríða, þrautseigja, tilgangur. Vinna markvisst frá 1. bekk með þessa þætti.
- **Lykill 4:** Efla hreyfingu. Jákvæð áhrif á ró/einbeitingu/sjálfsmýnd/hreyfifærni/hreysti.
- **Lykill 5:** Þjálfunartíminn. Allir fá áskoranir miðað við færni í grunnfögum. Efla færni/þekkingu.
- **Lykill 6:** Ástríðutíminn. Nemendur fá val um skapandi fög: Tónlist/raftónlist, myndlist, dans/leiklist/framsögn, skák o.s.frv.



Kveikjum neistann!

Markmið

- Að 80% nemenda séu fulllæs við lok 2. bekkjar. Síðan verði unnið með réttar áskoranir miðað við færni og lestraráhugi skapaður með lestri góðra bóka.
- Áhersla á markvissa kennslu lesskilnings svo nemendur geti lesið sér til gagns. Viðmið um árangur úr lesskilningsprófum verða sett.
- Að nemendur verði framúrskarandi í skapandi skrifum og framsögn því það styrkir sjálfsmyndina.
- Að nemendur kunni samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu við 12 ára aldur. Þeir öðlist síðan kunnáttu og færni í öðrum þáttum stærðfræðinnar í 8.-10. bekk (algebru, rúmfræði osv).
- Að nemendur öðlist ástríðu fyrir náttúrufræði/umhverfisfræði.
- Að nemendur bæti hreyfifærni, hreysti, einbeitingu og fókus.



Kveikjum neistann!

Umsjónarkennrarar og vorskóli

- 1. ALS - Anna Lilja Sigurðardóttir - Ystiklettur
- 1. SEÁ - Snjólaug Elín Árnadóttir - Heimaklettur
- 1. ULI - Unnur Líf Ingadóttir Imsland - Miðklettur.

Vorskóli verður miðvikudaginn 22. maí, þann dag mæta nemendur á Víkina en fara svo í “skólann” eftir hádegi frá 13-15

GLEÐI - ÖRYGGI - VINÁTTA



Að lokum

- Allar helstu upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu GRV
 - <https://www.grv.is/is>
- Sótt er um skólavist rafrænt, á heimasíðu skólans. Eða á eyðublöðum.
- Mikilvægt að vera í góðu sambandi við umsjónarkennara/ stjórnendur ef eitthvað kemur upp. Netföng starfsmanna og starfsheiti má finna á heimasíðu skólans.



GLEÐI - ÖRYGGI - VINÁTTA